

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um leikskólakennara og leikskólastjóra

Á fundi skóla- og frístundaráðs 22. apríl 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er eftir að fá upplýsingar um heildarfjölda leikskólakennara og starfshlutfall þeirra í Reykjavík, 1. febrúar 2024. Hversu margir af þeim eru deildarstjórar og starfshlutfall þeirra? Hvað eru margir leikskólastjórar og aðstoðarleikskólastjórar af heildinni sundurgreint? Hver er meðalaldur leikskólakennara, leikskólastjóra og svo samanlagt? Hvað eru starfsæktar margar leikskóladeildir í Reykjavík og hvað eru margir deildarstjórar með kennaramenntun?

#### Svar:

Upplýsingar eru unnar upp úr mannauðsgögnum. Í einhverjum tilvikum getur verið að viðkomandi leikskólakennari sé í langtímaveikindum og því ekki við störf.

Í febrúar 2024 störfuðu 512 leikskólakennari með leyfisbréf í 447,8 stöðugildum í leikskólum Reykjavíkurborgar. Þar af starfa 71 leikskólastjóri í 69,5 stöðugildum og 65 sem aðstoðarleikskólarstjórar. Að auki starfa 166 einstaklingar sem deildarstjórar en sumt starfsfólk sem er með starfsheiti aðstoðarleikskólastjóra gegnir einnig hlutverki deildastjóra.

#### Sundurliðun leikskólakennara með leyfisbréf

	Fjöldi	Stöðugildi
Leikskólastjórar	71	69,5
Aðstoðarleikskólastjórar	65	60,3
Deildarstjórar með leyfisbréf	166	154,7
Aðrir leikskólakennaramenntaðir	210	163,3
<b>Samtals</b>	<b>512</b>	<b>447,8</b>

#### Meðalaldur leikskólastjóra og leikskólakennara

Meðalaldur starfandi leikskólakennara, leikskólastjóra og svo samanlagt er eftirfarandi:

	Meðalaldur
Leikskólastjórar	Tæplega 54 ára
Leikskólakennarar með leyfisbréf að leikskólastjórum undanskyldum	Tæplega 49 ára
Báðir hópar	Rúmlega 49 ára



### Leikskóladeildir

Í leikskólum borgarinnar eru 303 opnar deildir, en einhverjar deildir eru lokaðar vegna framkvæmda. Deildarstjórar með leyfisbréf kennara eru 166.

	<b>Fjöldi</b>	<b>Stöðugildi</b>
Deildastjórar með leyfisbréf	166	154,7
Aðrir deildastjórar	176	160,3
<b>Samtals</b>	<b>342</b>	<b>315</b>

Eins og áður segir er hluti af þessum einstaklingum í langtímaveikindum sem skekkir stöðuna. Verið er að vinna að gagnalandslagi upp úr mannauðsgögnum sem auðveldar greiningu stöðugilda þar sem stöðugildi þeirra einstaklinga sem eru í langtímaveikindum eru ekki talin með og skýrir stöðuna betur og gerir útreikninga auðveldari.